

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2023
UST202311-036/H.G.
08.12.00

Samráðsgátt - umsögn - Áform um lagasetningu - Frumvarp til laga um lagareldi

Matvælaráðuneytið kynnti þann 22. október 2023 til samráðs áform um frumvarp til laga um lagareldi ásamt frummati á áhrifum lagasetningar. Áformað er að setja ný heildarlög um lagareldi (sjókvía-, land-, úthafs- og þörungældi). Frumvarpinu er meðal annars ætlað að bregðast við þeim athugasemdum sem fram komu í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem kemur fram í umsögn stofnunarinnar (UST202310-115) um stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 í máli nr. 182/2023 sem var birt í Samráðsgátt í október. Þessu til viðbótar vill stofnunin benda á að við upptalninguna um hvaða grundvallarlöggjöf þurfi að taka tillit til bæta þarf að bæta við lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Að öðru leiti tekur Umhverfisstofnun undir áformin um lagasetningu.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Matvælaráðuneytisins til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur